



# Samfélagsskýrsla Steypustöðvarinnar 2023



# Efnisyfirlit

## 1. Ávarp forstjóra

## 2. Steypustöðin

Sagan  
Hlutverk og gildi  
Staðsetningar  
Árið í tölum

## 3. Stefna í sjálfbærni

Sjálfbærnisstefna  
Heimsmarkmiðin

## 4. Umhverfi

Áherslur  
Markmið  
Aðgerðir og árangur  
Flokkunarreglugerð ESB  
Laufið

## 5. Félagslegir þættir

Starfsumhverfi  
Velferð starfsfólks og réttindi  
Heilsa og öryggi  
Öryggismál  
Samfélagsleg ábyrgð  
Samstarf byggingaraðila  
Fræðsla og þjálfun

## 6. Stjórnarhættir

Áherslur  
Viðskiptasiðferði og stjórnarhættir

# 1. Ávarp forstjóra

## Umhverfisvænni lausnir strax í dag

Árið 2023 hefur verið bæði mikilvægt og krefjandi fyrir okkur hjá Steypustöðinni. Markaðurinn á Íslandi hefur gengið í gegnum miklar breytingar, þar sem sjálfbærni og nýsköpun hafa fengið aukið vægi. Í þessari vegferð höfum við staðið frammi fyrir mörgum áskorunum, en höfum náð að aðlaga okkur og nýta tækifærin sem fylgja breyttum aðstæðum. Ég er ótrúlega stoltur af því hvernig við höfum unnið saman og er þakklátur fyrir þann ómetanlega dugnað og ástríðu sem starfsfólk Steypustöðvarinnar sýnir á hverjum degi. Við erum svo sannarlega sterkasta liðið.

Samfélagsskýrsla Steypustöðvarinnar fyrir árið 2023 endurspeglar þessa þróun og árangur sjálfbærni verkefna. Félagið hefur fjárfest í umhverfisvænni tækjum og innviðum, auk þess að efla mannauð og nýsköpun. Sjálfbærni er lykilþáttur í starfsemi Steypustöðvarinnar, og við leggjum mikla áherslu á að fyrirtækið fylgi okkar sjálfbærni markmiðum.

Steypuiðnaðurinn ber mikla ábyrgð þar sem steypa er ábyrg fyrir um 5-8% af kolefnislosun á heimsvísu. Þess vegna höfum við sett okkur það markmið að minnka notkun hefðbundins sements, bjóða umhverfisvænni lausnir og draga úr kolefnisspori með bæði beinum og óbeinum aðgerðum.

Á þessu ári gátu viðskiptavinir Steypustöðvarinnar fengið sement í steypu sem losaði 23% minna kolefni en árið áður. Sem stærsti steypuframleiðandi á Íslandi er okkar hlutverk að bjóða lausnir sem eru bæði auðveldar í notkun og umhverfisvænni en áður.

Á árinu 2023 tókum við í notkun fyrstu þrjú rafmagnssteypubíllanna á Íslandi, ásamt tvinndælu og 100% rafmagnsflutningabíl. Þetta gerir það að verkum að við getum nú sótt efnið í steypuna okkar úr námum á 100% rafmagn, dreifum steypunni á 100% rafknúnum steypubíl og dælum henni á verkstað með rafmagn. Við erum stolt af þessari þróun og teljum að hún muni hafa veruleg áhrif á að minnka kolefnisspor okkar. Á árinu 2024 mun rafmagnssteypubíllafloki félagsins tvöfaldast.

Við bjóðum nú upp á fjölbreytt úrval lausna sem lækka kolefnisspor enn frekar, þar á meðal steypu með lægra kolefnisspori og snjallsteypu sem getur dregið úr sementsnotkun.

Við erum stolt af því að vera leiðandi í sjálfbærni í steypuiðnaðinum á Íslandi og munum halda áfram að vinna að því að minnka umhverfisáhrif okkar. Við hvetjum viðskiptavini okkar til að nýta sér umhverfisvænni lausnir Steypustöðvarinnar og taka þátt í að byggja sterkari framtíð fyrir komandi kynslóðir.



## 2. Steypustöðin




# Sagan

Steypustöðin hóf starfsemi árið 1947 og samanstendur rekstur samstæðunnar af steypustöðvum sem eru á suðvesturhorni landsins, stærstu einingaverksmiðju landsins sem framleiðir forsteyptar einingar, efnsvinnslu, helluverksmiðju og múrverslun.

Hjá fyrirtækinu starfa um 276 manns.

Þjónustugeta félagsins spannar stórt landsvæði. Lausnir Steypustöðvarinnar ná til víðtækra sviða í byggingaframkvæmdum, allt frá framleiðslu og dreifingu á blautsteypu, forsteyptum einingum og hellum til múrvara og fylliefna til framkvæmda. Við leggjum áherslu á nýsköpun og vörubrúun og kappkostum að vera ávallt í farabroddi á sviði sjálfbærismála.



# Hlutverk og gildi

Hlutverk Steypustöðvarinnar er að veita **sterkari lausnir** fyrir byggingariðnaðinn með **sjálfbærni** og **nýsköpun** að leiðarljósi.


Þannig byggjum við sterkari framtíð fyrir komandi kynslóðir.



**S**jálfbærni  
**T**raust  
**E**inu skrefi á undan  
**R**eynsla  
**K**raftur



# Staðsetningar



Höfuðstöðvar Steypustöðvarinnar eru á Malarhöfða. Þar eru skrifstofur og stærsta steypustöð félagsins. Steypustöðin er einnig með steypustöðvar á Selfossi, Helguvík, Hafnarfirði, Þorlákshöfn og Borgarnesi. Þjónustugeta félagsins spannar yfir stórt landsvæði og félagið getur þjónað stórum hluta landsmanna þegar kemur að steypu, hellum, múrvörum og einingum og öllu sem viðkemur burðarvirkjum í mannvirkjagerð. Fyrirtækið notar háþróaðan hugbúnað til þess að auka skilvirkni í steypuframleiðslu og dreifingu. Með því að vera staðsett á nokkrum stöðum á landinu næst enn sterkari og snjallari dreifing á efni með lægra kolefnisspor en ella fyrir flutning efnisins.

# Árið í tölum

## STARFSFÓLK

276



Karlar

**256**

Konur

**20**

## VELTA



**13,7 MA.KR**

## VÉLAR OG TÆKI



**253**



### 3. Stefna í sjálfbærni



# Sjálfbærnisstefna

Steypustöðin leggur áherslu á að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Starfsemin er rekin í samræmi við skýr og mælanleg markmið í sjálfbærnimálum. Tilgangur sjálfbærnistefnu Steypustöðvarinnar er að skilgreina markmið og megináherslur í sjálfbærnimálum þar sem fyrirtækið gefur loforð um að það ætli á ábyrgan hátt að haga starfseminni þannig að hún lágmarki neikvæð umhverfisáhrif eins mikið og kostur er. Rík áhersla er því lögð á að draga úr þeim áhrifum sem framleiðsla á steypu og flutningur hennar veldur til þess að vernda umhverfið fyrir komandi kynslóðir. Enn fremur leggjum við kapp við að veita starfsfólkinu okkar öruggt og heilbrigt umhverfi. Við leggjum áherslu á hagkvæmar lausnir og að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku.

Stjórnvöld hafa sett skýr markmið um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum til þess að uppfylla Parísarsáttmálann. Steypustöðin ætlar að leggja sitt af mörkum í hringrásarhagkerfið, stuðla að vistvænni mannvirkjagerð ásamt því að lágmarka kolefnislosun, auðlindanýtingu og úrgang. Við leggjum einnig ríka áherslu á að vera meðvituð um breytingar á kröfum stjórnvalda og fylgja þeim að öllu leyti.

Það er stefna fyrirtækisins að starfsfólk sé upplýst um sjálfbærnimál og að þeirri þekkingu sé viðhaldið með fræðslu til þess að ýta enn fremur undir það að starfsfólk tileinki sér að hafa sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í starfi sínu hjá Steypustöðinni.

Steypustöðin vill vera til fyrirmyndar þegar kemur að öllum þremur stöðum sjálfbærrar þróunar, þ.e. umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.



# Heimsmarkmiðin

Steypustöðin tekur tillit til alþjóðlegra markmiða varðandi sjálfbærni og hefur því lagt áherslu á eftirfarandi Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna í allri sinni starfsemi og daglegum rekstri:



## 4. Umhverfi




# Áherslur



SJÁLFBÆRARA  
VÖRUÚRVAL



ÚRGANGSSTJÓRNUN



LÆGRA  
KOLEFNISFÓTSPOR



HRINGGRÁSAR-  
HAGKERFIÐ



RAFVÆÐING

# Markmið

## Lægra Kolefnisfótspor

Lækkum kolefnisfótspor starfseminnar um 10% á milli ára.

## Úrgangsstjórnun

Minnkum úrgangsmagn um 10% og aukum flokkun um 10% á milli ára.

## Hringrásarhagkerfið

Aukum áherslu á hringrásarhagkerfið.

## Rafvæðing

Höldum áfram að rafvæða flotann og stefnum á að 70% flotans verði knúinn með endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir árið 2032.

## Sjálfbærara vöruúrval

Aukum framboð á sjálfbæru vöruúrvali og vörum sem samþykktar eru í vottuð verkefni.



# Aðgerðir og árangur

## Lægra kolefnisfótspor

- Vöktum kolefnisfótspor starfseminnar með það markmið að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Leggjum áherslu á skilvirka notkun sements og skiptum út hluta af sementi fyrir önnur sjálfbærari efni.
- Notum endurunnin efni við steypuframleiðslu.
- Minnkum losun við framleiðsluna sjálfa, þ.e. notum vélar og tæki sem menga minna.
- Drögum úr notkun jarðefnaeldsneytis.
- Notum skilvirkt dreifikerfi til þess að draga úr óþarfa akstri og eldsneytisnotkun.
- Setjum fjármagn í mótvægisaðgerðir.

## Árangur:

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2022	2023
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> e	8309.6	9419.3
Umfang 2	tCO <sub>2</sub> e	151.5	215.2
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> e	3832.4	3821.4
Samtals losun umfang 1,2 & 3	tCO <sub>2</sub> e	12293.5	13455.9
Losun per tekjur	kgCO <sub>2</sub> e/ ISK m	964.48	985.25
Mótvægisaðgerðir	tCO <sub>2</sub> e	7104	7609.4
Mótvægisaðgerðir per losun	%	58%	57%

\*CO<sub>2</sub> losun per heildartekjur félagsins (m.ISK)

Kolefnisuppgjör Steypustöðvarinnar sýnir hækkun í losun á milli ára. Niðurstaðan úr uppgjöri Klappa er sú að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hjá samstæðu Steypustöðvarinnar jókst um 9,5% milli ára, og á sama tíma var vöxtur tekna 7,1%. Skýring á þessu er tvíþætt, annars vegar var fjárfest í stöðugildi sem tekur á sjálfbærnimálum og voru því skráningar í Klappir árið 2023 töluvert ítarlegri en skráningar árið 2022. Hins vegar voru umsvif í starfsemi stóraukin á svæðum þar sem ekki var greiður aðgangur að endurnýjanlegum orkugjöfum, sem útskýrir mun á umfangi 1 á milli ára. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa jókst þó um 18% á milli ára á meðan hlutfall jarðefnaeldsneytis dróst þannig saman um 9% þrátt fyrir að heildarmagn jarðefnaeldsneytis jókst á milli ára eins og umfang 1 sýnir.

# Aðgerðir og árangur

## Steypa með lægra kolefnisfótspor:

Steypustöðin hefur lagt áherslu á að bjóða upp á steypu með lægra kolefnisfótspor og er í dag með steypu sem hefur allt að 23% lægra kolefnisfótspor en hefðbundin steypa úr framleiðslunni. Þá er notast við flugöskusement (CEM II 52.5 FA) þar sem hluta af sementi hefur verið skipt út fyrir flugösku sem er úrgangsefni frá kolaorkuverum.

## Mótvægisáðgerðir:

Samstæða Steypustöðvarinnar kolefnisjafnaði, í form styrks til Lands og Skógar, um 57% af losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri. Sú kolefnisjöfnun kemur ekki fram sem eiginleg mótvægisáðgerð í Klappir uppgjörð þar sem kolefniseiningar Lands og Skógar eru ekki framseljanlegar og teljast þannig ekki vottaðar. Steypustöðin telur engu að síður verkefni Lands og Skógar mikilvæg fyrir loftslagsbókhald Íslands. Framlag samstæðunnar verður til þess að Land og Skógur geta aukið umfang sinna áðgerða og þar með stuðlað að meiri loftslagsávinningi sem síðan talinn er fram í loftslagsbókhaldi Íslands, öllum til tekna á margan hátt. Sá ávinningur sem verið er að horfa til, auk loftslagsávinnings, er aukið þol gegn náttúruvá, verndun líffræðilegs fjölbreytileika, jarðvegsvernd, endurheimt gróðurþekju, bætt vatnsmiðlun auk samfélagslegra þátta.

Enn fremur jók samstæða Steypustöðvarinnar fjárfestingar í sjálfbærnimálum til muna árið 2023. Fjárfestingar varið í svokallaða mildun loftslagsáhættu rúmlega sexfaldaðist á milli ára.





# Aðgerðir og árangur

## Skilvirkni í framleiðslu og dreifingu:

Steypustöðin notar um 100 farartæki og leggur mikinn metnað í að afhenda vörur á skilvirkan hátt. Steypustöðin notast við háþróað forrit sem bestar skilvirkni í framleiðslu og dreifingu. Fyrirtækið hefur þannig unnið farsællega að því að draga úr fjölda ekinna kílómetra og eldsneytisnotkun með innleiðingu á skilvirku dreifikerfi með sex steypustöðvum víðsvegar um landið til að draga úr óþarfa akstri og eldsneytisnotkun. Nýjustu steypubílastur eru með sérstöku kerfi frá Putzmeister sem skráir koltvísýringsútblástur bílanna.

Þar að auki getur forritið einnig gefið nákvæmt kolefnisspor verkefna frá framleiðsluhluta lífsferilsins A1-A4. Niðurstöður uppfylla kröfur Svansvottunar og hafa fengið staðfest samþykki að útreikningar eru sambærilegir við þá útreikninga sem vottaðir hafa verið af þriðja aðila.



# Aðgerðir og árangur

## Úrgangsstjórnun

- Vöktum úrgangsmagn og flokkun frá starfsemi.
- Finnum nýja farvegi fyrir úrgang sem mögulega er endurnýtanlegur í sama eða öðrum tilgangi.
- Tileinkum okkur hringrásarhugsun á öllum stigum starfseminnar.

## Árangur:

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2022	2023
Úrgangsmagn	Kg	473,396	629,477
Flokkaður úrgangur	Kg	343,357	488,474
Óflokkaður úrgangur	Kg	130,039	141,003
Endurunnin úrgangur	Kg	14,936	487,874
Urðun/förgun	Kg	458,460	141,603
Hlutfall flokkaður úrgangur	%	72.5%	77.6%
Hlutfall endurunnin úrgangur	%	3.2%	77.5%

Niðurstaða úr uppgjöri Klappa sýnir töluverða aukningu í úrgangsmagni frá starfseminni. Þetta skýrist aftur af töluvert ítarlegri skráningu og eftirliti með úrgangsmagni. Árið 2022 var úrgangur frá Furu Málmenndurvinnslu til dæmis ekki skráður en Fura tók við um 133,000 kg frá Steypustöðinni árið 2022 sem vantar þá ofan á þessi 473,396 kg. Hlutfall flokkaðs úrgangs jókst um 7% á milli ára og hlutfall endurunnins úrgangs fór úr 3.2% í 77.6% en það er vegna þess að ekki má lengur urða litað timbur og fer það nú í orkunýtingu sem veldur því að hlutfall endurunnins úrgangs hækkar svona mikið.


# Aðgerðir og árangur

## Hringrásarhagkerfið

- Komum umframsteypu inn í hringrás.
- Endurvinnum vinnsluvatn í framleiðslu.
- Flokkum úrgang í flokka út frá því hvaða farvegir eru mögulegir.

## Árangur:

- Steypustöðin hefur framleitt og selt hleðslusteina, svokallaðar Lego einingar, úr umframsteypu sem kemur frá framleiðslunni. Árið 2023 voru framleiddir yfir 1500 m<sup>3</sup> af Lego einingum.
- Steypustöðin endurvinnur vinnsluvatn í steypuframleiðslu sem er í dag staðlaður þáttur í framleiðsluferli á öllum okkar starfsstöðvum.
- Stöðug vöktun á úrgangi í gegnum Klappir gerir okkur kleift að horfa á tegundir og magn úrgangs og þannig hugsa út fyrir kassann með mögulega farvegi úrgangs.



# Aðgerðir og árangur

## Rafvæðing

- Rafvæðum steypubílaflota.
- Rafvæðum námurnar okkar eins og hægt er.
- Bjóðum upp á rafknúna fyrirtækjabíla.
- Setjum upp hleðslustöðvar fyrir starfsmenn og viðskiptavini.

## Árangur:

Steypustöðin tók í notkun 3 rafmagns steypubíla, 1 rafmagns dráttarbíl og eina hybrid dælu á árinu 2023. 3 rafmagns steypubílar til viðbótar hafa verið pantaðir fyrir árið 2024. Rafvæðing steypubifreiðaflotans sparaði Steypustöðinni rúmlega 100,000 Kg CO2 losun árið 2023 sem samsvarar rúmlega 32,000 lítrum í dísilsparnaði.



# Aðgerðir og árangur

## Sjálfbærara vöruúrval

- Bjóðum upp á steypu með lægra kolefnisspor.
- Bjóðum upp á snjallar lausnir fyrir steypu.
- Bjóðum upp á vörur sem samþykktar eru í vottuð verkefni.
- Framvísun EPD (umhverfisyfirlýsingum) fyrir vörurnar okkar.

Árangur:

## Steypa með 23% lægra kolefnisfótspor

Steypustöðin framleiðir sérblandaðar steypustegundir sem uppfylla kröfur Svansvottunar. Steypa með flugöskusementi hefur verið hefur verið seld í auknum mæli hjá Steypustöðinni. Almenn ánægja er með steypuna hjá viðskiptavinum og er hún samþykkt í Svansvottuðum verkefnum.

**Ef það á að vera auðvelt að byggja sjálfbært þá þarf líka að vera auðvelt að velja sjálfbært!**





# Aðgerðir og árangur

## Snjallsteypa er sjálfbærari steypa

Snjallsteypa getur bæði lækkað kolefnisspor steypu, flýtt framkvæmdum og þar af leiðandi sparað byggingarkostnað. Snjallnemum er komið fyrir í steypuna og mæla þeir hita og styrk bæði á yfirborði og inni í steypunni og koma svo upplýsingum um ástand steypunnar í rauntíma þráðlaust í snjalltæki notandans. Þessi aðferð flýttir verulega fyrir framkvæmdum og getur einnig aukið skilvirkni í notkun sements.

Yfir 1000 þráðlausir nemar hafa nú verið notaðir í byggingaverkefnum á Íslandi. Með snjallnemunum er hægt að ná meiri nákvæmni í blöndun steypunnar. Það þýðir að ekki fer meira sement í steypuna en þarf. Ef snjallsteypa væri notuð í framkvæmdir um allan heim gæti það sparað kolefnisfótspor sem samsvarar því að taka 110 milljónir bíla úr umferð.



# Aðgerðir og árangur

## Sjálfbærari vörur í Múrverslun

Steypustöðin hefur lagt aukna áherslu á að bjóða nánast eingöngu upp á vörur í Múrverslun sem eru samþykktar í vottuð verkefni og hefur því orðið gríðarleg aukning í sjálfbærari vörum í versluninni.

## Umhverfisýfirlýsingar (EPD)

Steypustöðin hefur nú birt 4 EPD blöð fyrir 4 helstu steypu tegundir úr framleiðslunni. Þar að auki hefur Steypustöðin fengið EPD blöð fyrir steinefni úr námum félagsins.



# Flokkunarreglugerð ESB

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin voru afturvirk til 1. janúar 2023 og gilda því um allt fjárhagsárið 2023.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3.gr. reglugerðarinnar.

Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Steypustöðin hóf yfirferð á starfsemi sinni í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Við mat á starfseminni kom í ljós að flokkar 6.6 vöruflutningar á vegum og 7.1 smíði nýrra bygginga falla undir umhverfismarkmiðið mildun loftslagsbreytinga. Undir smíði nýrra bygginga er það framleiðsla og reising á forsteyptum einingum sem fellur þar undir. Undir vöruflutninga á vegum falla allir flutningar Steypustöðvarinnar með stórum farartækjum, þ.m.t. flutningar á steypu. Önnur starfsemi fyrirtækisins fellur ekki undir flokkunarreglugerðina eins og er þó að viðbúið sé að það muni breytast á síðari stigum.

Til þess að starfsemi teljist samræmd og þar með uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera verulegt framlag (e. substantial contribution) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir.

Til að smíði nýrra bygginga teljist vera verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga er fyrsta krafan sú að frumorkuþörf (e. Primary Energy Demand) sem skilgreinir orkunýtingu byggingarinnar sem var reist að vera a.m.k. 10% minni en viðmiðunarmörk. Orkunýtingin er skilgreind með orkunýtingarvottorði, sem skilgreint er með tilskipun ESB 2010/31. Ísland er með heildarundanþágu frá þeirri tilskipun og orkunýtingarvottorð því ekki til staðar.

Til þess að farartæki sem falla undir atvinnustarfsemina vöruflutningar á vegum teljist verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga þá mega þau ekki vera með neina losun koltvísýrings. 3 steypubílar og 1 dráttarbíll Steypustöðvarinnar falla þar undir og eru rafmagnsbílar. Þegar kemur að því að valda ekki umtalsverðu tjóni við umhverfismarkmiðið mengunarvarnir og eftirlit með mengun eru hins vegar kröfur varðandi ytri snúningshávaða og veltiviðnámsstuðul hjólbarða sem erfitt er að uppfylla hér á landi í ljósi öryggis og nær því þessi starfsemi ekki að uppfylla kröfur flokkunarreglugerðarinnar um að teljast umhverfislega sjálfbær.



# Laufið

Eitt af verkefnum okkar í sjálfbærnimálum hjá Steypustöðinni er að uppfylla Græn Skref atvinnulífsins hjá Laufinu sem er stafrænn vettvangur sem stuðlar að sjálfbærri þróun íslensks atvinnulífs. Þannig náum við að halda utan um það hvar við erum að gera vel og hvar við getum bætt okkur.

Sjálfbærni nær yfir umhverfislega, samfélagslega og efnahagslega þætti sem allir þurfa að vinna saman til þess að fyrirtæki geti talist vera á góðri leið í sjálfbærri þróun. Þróunin tekur á mörgum mismunandi sviðum innan hvers fyrirtækis og þess vegna er mikilvægt að allir starfsmenn séu meðvitaðir um málaflökkinn því með samvinnu næst enn betri árangur í þessu málum.

Í lok árs 2023 hefur Steypustöðin lokið tæplega 60% grænna skrefa í Laufinu.

## Árangur:



Umhverfi



Félagsslegir þættir



Stjórnarhættir



## 5. Félagslegir þættir





## Starfsumhverfi

Steypustöðin leggur mikla áherslu á að starfsfólki líði vel í vinnunni og hefur lagt starfsánægjukannanir fyrir starfsólk frá því í janúar 2022. Við setjum markið hátt og viljum byggja saman upp eftirsóttan vinnustað til framtíðar. Við erum líflegur og áhugaverður vinnustaður þar sem hugvit og nýsköpun ráða ríkjum. Við sköpum starfsumhverfi sem einkennist af KRAFTI og hvatningu til að leita nýrra leiða og huga stöðugt að umbótum. Við leitum leiða að gagnkvæmum sveigjanleika þar sem þarfir starfs- og fjölskylduábyrgðar fara saman. Við sköpum og viðhöldum fyrirtækjamenningu sem einkennist af trausti, öryggisvitund og náungakærleik. **VIÐ KOMUM HEIL HEIM.**

Mælingar úr starfsánægjukönnunum sýna að við erum á réttri leið og mælist starfsánægja hjá fyrirtækinu mjög góð, eða 7,6, sem er 0,5 hærra en í desember 2022. Við höfum lagt mikla áherslu á að byggja upp sterk teymi innan fyrirtækisins og munum halda því ótrauð áfram.



# Velferð starfsfólks og réttindi

## Mannauðsstefna

Mannauðs- og jafnréttisstefnan tekur til allrar starfsemi Steypustöðvarinnar og skal starfsfólk virða hana í öllum störfum sínum fyrir félagið. Stefnan styður við heildarstefnu fyrirtækisins sem byggir á STERK gildunum; Sjálfbærni, Traust, Einu skrefi á undan, Reynsla og Kraftur.

Steypustöðin leggur áherslu á að starfsfólk sýni hvert öðru virðingu og sé heiðarlegt gagnvart sjálfu sér og öðrum. Félagið er eftirsóknarverður vinnustaður þar sem jafnrétti og traust ríkir. Stefna okkar í mannauðs- og jafnréttismálum er að skapa gott starfsumhverfi þar sem starfsfólk er hvatt til að viðhalda gleðinni, vera opið og heiðarlegt í samskiptum, sýna frumkvæði og um leið að taka ábyrgð á eigin frammistöðu. Saman náum við árangri og myndum **STERKARI** heild.

Samskipti okkar eru jákvæð, opin og heiðarleg og við komum fram við hvert annað af virðingu. Okkur er umhugað um líðan hvers annars og leggjum áherslu á öryggi, jafnrétti, traust og heilsusamlegt starfsumhverfi. Við líðum hvorki né tökum þátt í einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða annarskonar ofbeldi. Við leggjum okkur fram við tryggja ánægju starfsfólks, fögnum sigrum og höfum gleðina ávallt að leiðarljósi.

# Velferð starfsfólks og réttindi

## Jafnréttisstefna

Við stuðlum að jafnrétti í öllu okkar starfi og tryggjum að allt starfsfólk fái jöfn tækifæri og möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi.

Hópur	Fjöldi	Hlutfall
Karlar	256	92,7%
Konur	20	7,3%
Heildarfjöldi starfsmanna	276	100%



# Velferð starfsfólks og réttindi

## Jafnlaunavottun

Árið 2023 var launamunur 2,0% konum í hag.

Við gætum fyllsta réttlætis við ákvörðun launa og tryggjum að allt starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni, kynhneigð, þjóðerni og trú. Við skuldbindum okkur til að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi viðkröfur jafnlaunastaðalsins og íslenskra laga hverju sinni.



# Velferð starfsfólks og réttindi

## Eineltisstefna

Stefna okkar í eineltismálum er að starfsfólk sýni hvert öðru kurteisi og virðingu í samskiptum. Steypustöðin leggur áherslu á að skapa gott starfsumhverfi þar sem starfsfólk virðir grundvallarreglur samskipta á vinnustað.

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreiti sem og ofbeldi er undir engum kringumstæðum umborið hjá félaginu. Meðvirkni starfsfólks í eineltis-, áreitnis og ofbeldismálum er fordæmd. Starfsfólk er hvatt til að hindra einelti, áreiti og ofbeldi og grípa inn í ef slíkt á sér stað. Saman getum við orðið TRAUSTARI vinnustaður.





# Heilsa og öryggi

## Núll slystefna

Hjá Steypustöðinni er lögð rík áhersla á það að allir starfsmenn komi heilir heim að afloknum vinnudegi. Við höfum stöðugt aukið vitundarvakningu meðal starfsmanna en öryggissería Steypustöðvarinnar var hrint af stað í lok árs 2023 þar sem tekin eru fyrir öryggisatriði í stuttum myndböndum og eru birt mismunandi áhersluatriði á 2 vikna fresti.

## Árangur í öryggismálum

Fjarveruslys fóru úr 24 árið 2022 í 21 árið 2023 og áfram sjáum við verulegan árangur í fjölda fjarverudaga sem fækkaði um 35%, úr 291 dögum árið 2022 í 189 daga árið 2023. Við komum sterkari heim.





## Lýðheilsa starfsmanna

Í upphafi árs 2023 bauð Steypustöðin í fyrsta sinn upp á líkamsræktarstyrk til starfsfólks til að stuðla enn frekar að bættri líkamlegri og andlegri heilsu.

Samstæða Steypustöðvarinnar vill stuðla að góðri líkamlegri og andlegri heilsu starfsfólks. Félagið er í samstarfi við Vinnuvernd sem er viðurkenndur þjónustuaðili á sviði heilsu- og vinnuverndar hjá Vinnueftirliti Ríkisins. Vinnuvernd sinnir ýmsu faglegu starfi s.s. trúnaðarlæknisþjónustu og ráðgjöf varðandi veikindi starfsfólks, sálfræðiþjónustu, heilsutengdri fræðslu og fleira

# Samfélagsleg ábyrgð

Steypustöðin ber ríka ábyrgð á því að móta samfélagið. Stefna Steypustöðvarinnar í samfélagslegum styrkjum er að styrkja góð málefni, íþróttafélög, menningarmál o.fl. á þeim svæðum sem Steypustöðin starfar á.

## Steypustöðin er stoltur styrktaraðili eftirfarandi verkefna á árinu 2023:

Skallagrímur  
Knattspyrnudeild KR  
Blindrafélagið  
Mæðrastyrksnefnd  
Haukar  
Handknattleiksdeild Víkings  
Hjálparsveit Skáta Reykjavík  
Hjálparsveit Skáta Garðabæ  
Björgunarsveitin Brák  
Knattspyrnufélag ÍA  
Bridgesamband Islands

Golfklúbbur Borgarness  
Bjarki Pétursson  
Golfklúbbur Kiðjabergs  
Félag íslenskra aflraunamanna  
Sterkasti maður Íslands  
Sterkasta kona Íslands  
Afturelding  
ÍR  
Handknattleiksdeild UMF Selfoss  
Knattspyrnudeild UMFG  
Samhjálp

Lionsklúbbur Grindavíkur  
Félag heyrnalausra  
Málarameistarafélagið  
Augnablik  
Fylkir  
Soroptimistaklúbbur Akraness  
Besta Deild Karla og kvenna  
FH  
Golfklúbburinn Keilir



# Samstarf byggingaraðila

Sjálfbærar lausnir krefjast samvinnu í kringum steypuverkefni og við rannsóknir og þróun. Með víðtækri og áratuga reynslu af samvinnu tökum við virkan þátt í uppbyggingu íslenska steypuiðnaðarins.

Steypustöðin á fulltrúa í Steinsteypufélagi Íslands og við erum einnig aðilar samtakanna Grænni byggð.

Þegar kemur að sérstökum verkefnum erum við í daglegu samstarfi við viðskiptavini okkar í stórum, flóknum, nýstárlegum og sjálfbærum byggingaverkefnum.

Allt er þetta fjárfesting í framtíðinni og þannig getum við stöðugt þróað sjálfbærari vörur og vöruflokka byggða á raunverulegum viðfangsefnum á nýjum og framsýnum lausnum.


Í stærri verkefnum erum við með sérfræðinga á okkar snærum svo virðisreðjan frá byggingaraðilum til arkitekta, verkfræðinga og verktaka verði eins sjálfbær og kostur er. Þannig náum við í sameiningu enn lengra í átt að því að byggja sjálfbært úr steinsteypu.

# Fræðsla og þjálfun

Ný fræðsluáætlun Steypustöðvarinnar var birt fyrir árið 2023. Helstu áherslur okkar eru og verða alltaf öryggismál og aukin öryggisvitund. Við leggjum því mikla áherslu á lögbundna endurmenntun bílstjóra, að allir séu með vinnuvélaréttindi og að allir starfsmenn óháð starfi fái námskeið í fyrstu hjálp með áherslu á endurlífsgun og notkun hjartastuðtækis. Árið 2023 var sjálfbærninámskeið Laufsins einnig kynnt fyrir starfsmönnum.

Við tökum vel á móti nýju fólki og tryggjum að það fái viðeigandi upplýsingar, þjálfun og aðföng til að sinna starfi sínu vel frá fyrsta degi. Við kveðjum þau sem láta af störfum hjá félaginu með virðingu og leitumst við að hagsmunir starfsfólks og félagsins fari saman við starfslok.

Við tryggjum að starfsfólk fái markvissa þjálfun svo það geti tekist á við störf sín af öryggi og ánægju. Fræðsla og þjálfun byggja á fyrirliggjandi kröfum og stefnu félagsins. Leitast er við að efla fræðslu innanhúss og deila sérþekkingu í greininni.



## 6. Stjórnarhættir



# Áherslur

- Viðhalda góðum og ábyrgum stjórnarháttum.
- Skapa og þróa hagkvæmar gæðalausnir sem hafa jákvæð áhrif á þróun byggingariðnarins.
- Setja rekstrarleg markmið í samræmi við jákvæð samfélagsáhrif til framtíðar.
- Tryggja að starfsfólk, viðskiptavinir og aðrir hagaðilar séu upplýstir um sjálfbærnistefnu félagsins.
- Framkvæma birgjamat með sjálfbærni að leiðarljósi.
- Gefa út sjálfbærnisráðgjafur árlega.






# Viðskiptasiðferði og stjórnarhættir

Steypustöðin starfar eingöngu á Íslandi og leggur sig fram um að fylgja í hvívetna lögum, reglugerðum og stöðlum sem lúta að starfsemi sem er mjög fjölbreytt. Starfsemi Steypustöðvarinnar snertir marga mismunandi þætti samfélagsins og er markmið Steypustöðvarinnar að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á samfélagið en skila með nýsköpun jákvæðum áhrifum í þróun byggingariðnaðar, bæði hvað varðar hagkvæmni og gæði. Velferð samfélagsins í heild sinni er grundvöllur að farsælum rekstri til bæði skemmri og lengri tíma. Stjórn, stjórnendur og starfsmenn félagsins leggja upp úr því að tryggja eðlilega samleið rekstrarlegra markmiða við jákvæð samfélagsleg áhrif til framtíðar.

Stjórn félagsins leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland og sett sér starfsreglur.

Stjórn, stjórnendur og allir starfsmenn félagsins leggja upp úr góðum samskipta- og viðskiptaháttum og hlítu við lög og reglur. Óréttmætir viðskiptahættir eru aldrei látnir viðgangast. Þetta felur meðal annars í sér að tilkynna mútur, spillingu og brot til réttra aðila. Steypustöðin vinnur eftir lögum um persónuvernd og nýtir upplýsingar um viðskiptavini, starfsmenn eða aðra hagsmunaaðila ekki á neinn annan hátt en þeim hefur verið kynnt, né er óviðkomandi aðilum veittur aðgangur að gögnum um viðskiptavini eða starfsmenn.



# STEYPUSTÖÐIN

STERKARI LAUSNIR

**BYGGJUM STERKARI FRAMTÍÐ  
FYRIR KOMANDI KYNSLÓÐIR**